

Númer: 41/2018

Dreifibréf til lánastofnana

Reykjavík, 1. ágúst 2018

Tilvísun: 2017020038

Efni: Fjármálaeftirlitið gefur út drög að reglum um tæknilega staðla varðandi tilkynningar lánastofnana um starfsemi yfir landamæri.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal, nr. 4/2018, sem inniheldur drög að reglum um tæknilega staðla varðandi tilkynningar lánastofnana um starfsemi yfir landamæri. Skjalið er birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>.


Regludrögin fela m.a. í sér að lánastofnunum ber að styðjast við stöðluð eyðublöð þegar það tilkynnir Fjármálaeftirlitinu um starfsemi yfir landamæri. Drögin stuðla þannig að samræmdri framkvæmd innan EES þegar kemur að tilkynningum vegna starfsemi lánastofnana yfir landamæri.

Fjármálaeftirlitið mun gefa lánastofnunum kost á að gera athugasemdir við drögin en frestur til að senda inn umsagnir vegna regludraganna er til 4. september nk. Umsögnum skal skila á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Hjálmar Stefán Brynjólfsson